

## **Engar haldbærar tillögur um umbætur liggja enn fyrir frá Grikkjum - unnið dag og nótt vegna ótta við greiðsluþrot**

**Eftir Björn Bjarnason**

Síðdegis mánudaginn 30. mars höfðu evru-ráðherrahópnum og þrjú þriðju ekki enn borist tillögur grísku ríkisstjórnarinnar um ráðstafanir til að fullnægja skilyrðum til útgreiðslu á lánsfé svo að bjarga megi Grikklandi frá greiðsluþroti. Ljóst er að niðurstaða um fyrirgreiðslu til Grikkja fæst ekki fyrir en eftir páska en 8. apríl eða 20. apríl hafa verið nefndir sem orlagadagar fyrir ríkissjóð Grikklands.

Margaritis Schinas, talsmaður framkvæmdastjórnar ESB, sagði við blaðamenn: „Við höfum ekki enn náð landi“ þegar hann var spurður um gagn viðræðna við Grikki. „Þess vegna er nauðsynlegt að afla frekari upplýsinga í Aþenu.“

Fulltrúar þrjú þriðju (ESB/SE/AGS) fara í saumana á hugmyndum sem gríska ríkisstjórnin hefur boðað svo að hún geti fengið 7,2 milljarða evra greidda, lokagreiðslu af 240 milljarða evru neyðarlánnum.

Pierre Moscovici, efnahagsmálastjóri ESB, sagði að viðræðurnar hefðu reynst erfiðar. „Við nálgumst málið með jákvæðum hætti. Þetta er ekki einfalt, þetta er ekki auðvelt,“ sagði ESB-þingið.

Hann sagði að starfsmenn sínir ynnu „dag og nótt“ í leit að jákvæðri niðurstöðu.

Alexis Tsipras forsætisráðherra lofaði í síðustu viku að tillögur ríkisstjórnar sinnar yrðu kynntar mánudaginn 30. mars.

„Sú staðreynd að sérfræðingar hafa setið við störf alla helgina og áfram í dag er til marks um jákvæðan vilja og fulla alvöru af hálfu beggja aðila,“ sagði Schinas.

Allir 19 fjármálaráðherrar evru-ríkjanna verða að samþykkja tillögur Grikkja.

Schinas sagði að embættismenn evru-ríkja mundu líklega ráða ráðum sínum næstu daga og síðan yrði ákveðið hvenær fjármálaráðherrarnir kæmu saman eftir páska.